

Raddir barna

Hlustað eftir skoðunum og viðhorfum 2ja til 18 ára barna í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar við mótun nýrrar skólustefnu.

Raddir barna 2ja til 9 ára

Niðurstöður frá þessum aldurshópi um hvernig góður skóli eiga að vera og hvað skiptir mestu máli voru margvíslegar. Þó er áberandi hjá þeim hvað vinir og félagar skipta miklu máli og hvað það er nauðsynlegt að leika sér. Leikurinn er börnunum greinilega mjög mikilvægur, bæði úti og inn. Það sýndu t.d. myndir sem þau tóku, flestar myndir voru af leikskvæðum og þá sérstaklega þar sem önnur börn voru að leika sér. Nokkrar myndir voru af hvíldarsvæði leikskólabarna, þeim er sá staður greinilega kær. Áberandi var börn 6-9 ára töluðu mikið um meiri hreyfingu og meiri útiveru, auk þess sem samskipti við félagana og leikur við þá skipta máli.

Raddir barna 10 til 12 ára

Auk innsendra gagna frá einstökum bekkjum mætt á skólapingið 22 nemendur og virtust þau afar áhugasöm um að fá tækifæri til að segja það sem þeim fannst. Einn nemandi hafði orð á því að hann *“vissi ekki að nemendur mættu segja sína skoðun á skólanum, það er æðislega gaman”* Unnið var út frá svipuðu umræðuefni og með yngri börnin þ.e. hvað er áhugaverðast í skólanum, hvað viltu læra og hvað viltu kunna þegar þú verður stór. Einnig var spurt um líðan nemenda, *“Hvernig á barni að líða í skólanum”* Þessir nemendur vildu gjarnan læra meira um náttúruvísindi ýmis konar, s.s. stjörnufræði, náttúrufræði og líffræði. Einnig vilja þau gjarnan vera meira útivið, læra um náttúruna og að læra að bjarga sér í náttúrunni. Þau voru líka með mjög ákveðnar hugmyndir um hvernig börnum ætti að líða í skólanum, þeim á að líða vel og það á að vera bannað að leggja aðra í einelti. Þau vilja gjarnan velja sjálf hvaða tungumál þau læra. Þau vilja fá að taka þátt í kennslunni, fá að vera kennarar og vera meira í hópum að læra.

Raddir barna 13 til 18 ára

Fjölbreytt námsefni og aukið val á námsefni (fögum) t.d. er kallað á meira eðlis –og efnafræðinám. Leyfa nemendum að hafa meiri áhrif á sitt nám þ.e. hvað þau læra. Fjarnám í framhaldsskóla sé í boði fyrir grunnskólanemendur. Skilvirkar upplýsingar fyrir nemendur um hvaða tómsundur eru í boði fyrir þau. Góð aðstaða fyrir félagslífið og fjölbreytt tómsundartilboð. Góð aðstaða og aðbúnaður innanhúss, mikið kvartað undan langri setu og lélegum stólum. Nemendur vilja að á sig sé hlustað og vilja hafa meiri áhrif inn í skólanum. Vilja gott samstarf við kennara og biðja um sanngirni. Vilja að foreldrar séu virkir í skólastarfinu en foreldrar eiga ekki að vita allt. Nemendur vilja gleði í skólastarfið og félagarnir skipta miklu máli. Allir eiga að fá að njóta sín óháð útliti og einelti ætti að vera bannað. Þá eru margir á þessum aldri farnir að velta umhverfisvernd fyrir sér og vilja efla hana. Ósk um góðan mat, lengri frímínútur og styttri skólalag

Viðhorf barna 2ja til 18 ára, barna, til góðs skóla er eftirfarandi:

- Gefa tíma og rými fyrir leik með félögum í skólastarfi.
- Meiri áhersla á náttúruvísindi hvers konar s.s. líffræði, náttúrufræði, eðlis- og efnafræði, stjörnu- og geimvísindi.
- Meira af verklegri kennslu og þá ekki síður útivið.
- Takast á við ögrandi verkefni og læra að bjarga sér að eigin rammleik í náttúrunni
- Fjölbreyttara val um hvaða tungumál þau læra í skólum.
- Fjölbreyttara val um hvaða námsefni þau læra í skólanum
- Nemendur ættu að vera mun virkari í sínu námi og vera þátttakendur með kennaranum í kennslunni, en ekki bara viðtakendur.
- Vinna meira í hópum með félögum sínum.
- Börnin gera skýra kröfu um að öllum líði vel í skólanum og að einelti fái ekki að viðgangast
- Nemendur vilja gleði, sanngirni og fjölbreytni í skólastarfið
- Nemendur vilja að hlusta sé á þá og vilja hafa áhrif í skólanum og samstarf
- Þá vilja nemendur góðan mat og góða aðstöðu til náms og leikja
- Nemendur vilja að náttúru- og umhverfisvernd sé eflid.

Börn eru félagsverur, eins og annað fólk, þar liggur þeirra styrkur og því ætti að vinna með þá staðreynd enn rekar í kennslu.